


Alþingi  
Erindi nr. P 130/1643  
komudagur 5.4.2004



Umhverfisstofnun

Alþingi - Landbúnaðarnefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Landbúnaðar- og Matvæðisráðgjafi  
Umhverfisstofnun  
Landsvæðisráðgjafi  
Umhverfisstofnun  
P.O. Box 100  
150 Reykjavík  
Umhverfisstofnun  
Landbúnaðar- og Matvæðisráðgjafi

30. mars 2004

Tilvísun: UST20040300091/tb

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó**


Vísað er í bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 11. mars 2004, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um afdrif laxa í sjó, 284. mál.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil aukning á laxeldi í sjókvíum. Vegna þeirrar aukningar hafa komið upp mörg álitamál er varða áhrif eldisins á villta laxastofna svo sem vegna erfðablöndunar, dreifingu sjúkdóma og samkeppni um búsvæði. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis sem taka á áhrifum sjókvíaeldis á villta laxastofna en grunnrannsóknir á þessu sviði þ.m.t. afdrif villtra laxastofna í sjó eru mjög takmarkaðar hér á landi.

Umhverfisstofnun kemur bæði að laxeldismálum sem starfsleyfisveitandi og umsagnaraðili. Stofnunin telur því allar rannsóknir mikilvægar sem geta stuðlað að betri vitneskju um vistfræði villtra laxastofna, þ.m.t. afdrifa þeirra í sjó, og um áhrif laxeldis á umhverfi sitt. Með aukinni grunnþekkingu á þessu sviði verður Umhverfisstofnun gert betur kleift að sinna lagalegum skyldum sínum er varða umhverfis- og náttúruvernd í þessum málaflokki.

Virðingarfyllst,

  
Trausti Baldursson

  
Árni Bragason